Vestfjarðastofa

VESTFJARÐASTOFA

FRÉTTABRÉF FEBRÚAR 2026

VESTFJARÐASTOFA
SUÐURGATA 12
400 ÍSAFJÖRÐUM

FV@VESTFIRDIR.IS
WWW.VESTFIRDIR.IS
450-6600

STÖÐUG ÞRÓUN BYGGÐA

Það eru hrein forréttindi að fá að vera í skemmtilegu og gefandi starfi sem er aldrei eins frá mánuði til mánaðar, ári til árs. Störf okkar á Vestfjarðastofu eru almennt slík störf. Við erum í tengslum við fólk innan og utan Vestfjarða í störfum okkar og öll með það markmið að efla Vestfirði.

Í febrúar komum við víða við eins og í öðrum mánuðum ársins. Starfsmenn og ráðgjafar Svæðisskipulags Vestfjarða hafa farið um svæðið til að kynna kynningartillögu Svæðisskipulagsins. Næstu vikur gefst öllum tækifæri til að koma með umsagnir um kynningartillöguna og benda á það sem betur má fara. Svæðisskipulaginu er ætlað að teikna útlínurnar fyrir það samfélag sem við Vestfirðingar viljum móta á næstu áratugum. Aðrar áætlanir sveitarfélaga, Sóknaráætlun Vestfjarða, mögulegar atvinnustefnur sveitarfélaga eða atvinnusvæða, menningarstefnur og fjölbreyttar aðgerðaáætlanir slíkra stefnumótandi skjala eru síðan að setja litinn inn í þær útlínur sem hér eru mótaðar.

Svæðisskipulagið er líka að stilla upp helstu áskorunum og tækifærum, að móta stefnu byggða á sjálfbærni umhverfis, efnahags og samfélags. Í svæðisskipulaginu er leitast við að draga fram mikilvægi jafnvægis á milli nýtingar og verndar umhverfisins og benda á hversu gríðarlega stór svæði á Vestfjörðum eru vernduð og í raun og veru er stærstur hluti Vestfjarða ósnortin. Þrátt fyrir það er nægt rými til mikillar uppbyggingar atvinnulífs, innviða og samfélaga til framtíðar.

Í lok febrúar var úthlutað úr frumkvæðissjóði brothættra byggða í Kaldrananeshreppi og þar var úthlutað 11,5 milljónum króna til 19 áhugaverðra verkefna sem öll skipta máli til þróunar og uppbyggingar samfélagsins í Kaldrananeshreppi.

Sigríður Ó.Kristjánsdóttir
framkvæmdastjóri

Í mánuðinum var einnig úthlutað styrkjum til Sértækra verkefna sóknaráætlanasvæða sem er aðgerð C1 af byggðaáætlun sem hefur að markmiði að tengja sóknaráætlanir landshluta við byggðaáætlun og færa heimafólki aukna ábyrgð á ráðstöfun fjármuna. Landshlutasamtök sveitarfélaga geta sótt um í sjóðinn og sótti Fjórðungssamband Vestfirðinga um styrk til átta verkefna og fékk af þeim fjóra styrki að heildarupphæð 56 m króna.

Það er stöðugt verkefni hjá okkur á Vestfjarðastofu að sækja um og aðstoða við styrkumsóknir til að reyna að draga sem mest fjármagn úr innlendum og erlendum sjóðum til verkefna á Vestfjörðum. Með því má ýta undir fjölbreytt verkefni og styðja við jákvæða byggðaþróun. Það er verkefni sem er stöðugt í gangi og lýkur í raun aldrei því byggðaþróun er ekki verkefni sem tekur enda, heldur bara stöðugum breytingum en þó er kjarninn alltaf að bæta innviði, atvinnulíf og samfélög.

FLUGI FRESTAÐ EN EKKI AFLÝST

Í dag er áætlunarflug á þrjá áfangastaði á Vestfjörðum; Ísafjörð, Bíldudal og Gjögur. Þegar Icelandair tilkynnti að félagið hygðist hætta flugi til Ísafjarðar, snerist spurningin kannski ekki um hvort heldur hvernig flugi yrði háttað og ræður þar einkum sjónarmið um afköst, tíðni og stærð véla.

Ljóst var að Ísafjarðarflugvöllur með stutta vegalengd frá flugbrautarenda að næsta fjalli getur ekki tekið við Q400 vélum félagsins, en Q200 vélarnar sem notaðar eru nýttust lítið á Akureyri og Egilsstaði, og sífellt minna á Grænland. Það er einn þáttur vandans sem við stöndum frammi fyrir, annað er að nær engar vélar eru framleiddar í heiminum á stærðarbilinu 25-50 farþegar.

Við fréttirnar var strax hóað saman hagsmunaaðilum frá bæjum þar sem flug hefur verið stopult, einkum Höfn og Húsavík. Vegagerðin fór í talsvert ítarlega greiningarvinnu og skilaði henni til ráðherra. Ýtt var á að þetta mál myndi ekki sofna og að gengið yrði frá samningum fljótt til að ekki yrði rof á þjónustu. Komið var með ábendingar um að eðlilegt væri að útboð yrði á flugi til fleiri en eins áfangastaðar svo það væri raunverulegur valkostur fyrir önnur félög en Icelandair að bjóða í verkið.

Einnig er eðlilegt að velta fyrir sér stöðu flugvallarins. Þær greiningar sem gerðar hafa verið í gegnum tíðina hafa ekki fært neinar töfralausnir. Þröngir firðir setja hugmyndum oft þröngar skorður, afstaða gagnvart ríkjandi vindáttum, fjarlægðir frá helstu byggðakjörnum og kostnaður við nýjan flugvöll eru allt áskoranir af ólíkum toga.

Bættar vegasamgöngur hafa óneitanlega dregið úr hlutfallslegu vægi innanlandsflugsins. Skýrasta dæmið er sennilega sú staðreynd að flugfélagið Ernir hætti að sinna flugi um Ísafjarðarflugvöll þegar Vestfjarðagöng opnuðu. Þverun tveggja fjarða í Gufudalssveit, með kortersparnaði á ferðatíma, heldur áfram að vera ferðalagi á vegum í vil. En þar með er reyndar styttingu ferðatíma lokið í bili miðað við það sem er í hendi.

Og svo er það framtíð flugs til ögn fjarlægari framtíðar. Tækni í rafbílum hefur fleygt fram, og þó tímalínum í rafvæðingu flugs hafi oft verið frestað eru væntingar til þess að innan 10-15 ára verði komnar rafflugvélar með drægni sem dugað gæti fyrir innanlandsflug á Ísafjörð. Sérstaklega lítur ES-30 vél Heart Aerospace vel út, en fjölmörg önnur fyrirtæki eru að þróa minni vélar.

Hvað sem þessu líður er ljóst að tilboð Icelandair er mikil vonbrigði og er formlega nú á hendi Vegagerðarinnar að taka næstu skref. Við leggjum mikla áherslu á að það gangi hratt fyrir sig og að heimamenn verði með í ráðum ef breytingar verða gerðar kröfunum sem settar voru í útboðinu. Það má hafa samúð með þeim sjónarmiðum að fastur kostnaður við rekstur flugvéla sé mikill, og mögulega spilar það inn í hátt tilboðsverð, en það er ekki góður bragur á að láta þann kostnað falla allan á einn áfangastað.

Ég lít á þetta sem frestun flugs, en við tökum ekki í mál að því verði aflýst.



KYNNINGARTILLAGA SVÆÐISSKIPULAGS LÖGÐ FRAM

Í desember s.l. samþykktu sveitarfélögin á Vestfjörðum að auglýsa tillögu að Svæðisskipulagi Vestfjarða 2025-2026 og þá ber lögum samkvæmt, að óska eftir athugun

Skipulagsstofnun á efni tillögunnar. Skipulagsstofnun afgreiddi athugun sína þann 6. febrúar s.l. og er hún kynnt í Skipulagsgátt. Svæðisskipulagsnefnd fjallaði um athugun Skipulagsstofnunar á auglýstri tillögu á fundi sínum þann 11. febrúar s.l. og samþykkti breytingar til að bregðast við efnisatriðum hennar. Í framhaldinu samþykkti nefndin síðan

Kynningartillögu ásamt umhverfismatsskýrslu og stöðumati.
Kynningartillaga Svæðisskipulags Vestfjarða 2025-2050 var síðan sett fram þann 16. febrúar 2026 í Skipulagsgátt þar sem hún verður opin til umsagnar fram til 7. apríl 2026. Er tillaga einnig auglýst í landsdekkandi dagblaði og héraðsmiðlum. Á umsagnartímabilinu verða haldnir þrír kynningarfundir auk kynningar í fjarfundi.

Á umsagnartíma er kallað eftir athugasemdum frá Vestfirðingum og öðrum hagaðilum við efni tillögunnar. Umsagnir ber að leggja inn í Skipulagsgátt þar sem umsagnaraðilar skrá sig inn, en almennar fyrirspurnir og minniháttar ábendingar má senda á netfangið skipulag@vestfirdir.is

Svæðisskipulagsnefnd mun að afloknum umsagnarfresti fjalla um hverja umsögn sem berst í gegnum Skipulagsgátt og í samráði við sveitarfélögin móta svör og mögulegar breytingar eftir því sem við á.

Svæðiskipulagsnefndin sendir síðan lokatillögu til endanlegrar staðfestingar sveitarstjórna og Skipulagsstofnunar. Miðað við þá lögbundnu tímafresti sem eru í ferlinu þá er ljóst að það verður á borði nýrra sveitarstjórna að afgreiða málið endanlega.

Skoða má þessa málsmeðferð á vef Skipulagsstofnunar
https://island.is/s/skipulagsstofnun/svaedisskipulag

VESTFIRSK BÖRN TÓKU ÞÁTT Í SÓLMYRKVALEIKUNUM

Þessa síðustu viku febrúarmánaðar hefur heldur betur verið fjör hjá vestfirskum nemendum á miðstigi er stærsta verkefni barnamenningarhátíðarinnar Púkans til þessa, Sólmyrkvaleikarnir, fóru fram. Verkefnið er unnið í samstarfi við hönnunarhópinn Þykjó, tónlistarfólkið Sigga og Ingibjörgu og Stjörnu-Sævar og er það styrkt af Barnamenningarsjóði.

Sólmyrkvaleikarnir fóru þannig fram að krakkarnir byrjuðu á fyrirlestri hjá Sævari Helga Bragasyni sem er betur þekktur í þeirra hópi sem Stjörnu-Sævar, sem sagði þeim á sinn innblásna hátt frá almyrkva á sólu sem Vestfirðingar verða í kjöraðstæðum til að upplifa þann 12. ágúst næstkomandi – í eina sinn á lífsleiðinni fyrir þau sem fædd eru eftir 1954.
Að fyrirlestri loknum tóku við vinnustofur þar sem allir fengu að taka þátt í skuggaleikhússmiðju með Aude og Emblu frá Þykjó, vísindasmiðju með Sævari og Ninnu frá Þykjó og tónlistarsmiðju með Sigga og Ingibjörgu. Með í för var kvikmyndagerðarmaðurinn Janus Bragi sem myndaði það sem fram fór til að skapa úr því stuttmynd sem sýnd verður þegar Púkinn fer fram dagana 27. apríl-8. maí. Þar mun líka hljóma lag sem Siggi og Ingibjörg hafa sett saman upp úr tónlistarsmiðjunum og útsett.

Á Sólmyrkvaleikunum í félagheimilinu á Hólmavík komu krakkar alls staðar af Ströndum og úr Reykólahreppi, á Ísafjörð komu allir skólarnir á norðanverðum Vestfjörðum í Edinborgarhúsið og á Patreksfjörð voru það allir skólarnir í Vesturbyggð sem sameinuðust í félagsheimili Patreksfjarðar.

Teymið á bak við Sólmyrkvaleikana: Ingibjörg Fríða, Siggi, Sævar Helgi, Janus Bragi, Nina, Embla og Aude

Því miður lék veðrið okkur grátt þannig að ákveðið var að færa Sólmyrkvaleikana á Patreksfirði um einn dag sem leiddi af sér að fyrirlestur með Stjörnu-Sævari var sendur í gengum fjarfundarbúnað, en almennt var gríðarmikil ánægja hjá börnunum með viðburðinn og erum við sem að hátíðinni stöndum himinsæl með að geta boðið vestfirskum börnum að taka þátt svona spennandi menningarstarfi. Það hefur verið virkilega dýrmætt að fá alla skólana á svæðinu með okkur í lið, því í gegnum skólana geta öll börn verið með.

Ungmennaráð Vestfjarða valdi hafið sem þema Púkans í ár og vildi þau jafnframt sjá samspil lista og vísinda og samstarf eiga sér stað. Í allri vinnu Þykjó í kringum þetta verkefni hefur verið lögð áhersla á að uppfylla óskir ungmennaráðsins.

Barnamenningarsjóður Íslands

FJÖGUR VESTFIRSK VERKEFNI STYRKT AF BYGGÐAÁÆTLUN

Eyjólfur Ármannsson innviðaráðherra hefur úthlutað styrkjum að upphæð 170 milljónum kr. til fjórtán fjölbreyttra verkefna til að efla viðkvæmar byggðir landsins. Framlag til styrkjanna kemur af byggðaáætlun (aðgerð C.1 – Sértæk verkefni sóknaráætlanasvæða) en alls bárust 28 umsóknir fyrir um 756 m.kr. Þetta er hæsta úthlutun úr þessari aðgerð á tímabili gildandi byggðaáætlunar.

Markmiðið með aðgerðinni er að tengja sóknaráætlanir landshluta við byggðaáætlun og færa heimafólki aukna ábyrgð á ráðstöfun fjármuna. Landshlutasamtök sveitarfélaga geta sótt um framlög í samkeppnissjóð vegna verkefna sem nýtast einstökum svæðum eða byggðarlögum innan landshlutans eða landshlutanum í heild. Verkefni sem talin eru hafa varanleg áhrif, eru atvinnuskapandi og hvetja til nýsköpunar eru í forgangi. Sérstök áhersla er lögð á svæði sem búa við langvarandi fólksfækkun, atvinnuleysi og einhæft atvinnulíf.

Fjórir styrkir að heildarupphæð 56 m.kr komu í hlut verkefna á Vestfjörðum:

Nytjajurtir til nýsköpunar
- Styrkþegi: Fjórðungssamband Vestfirðinga (FV)
- Styrkupphæð: 9 m.kr.

Markmiðið er að byggja upp sjálfbæra ræktun burnirótar og annarra heilsubótarplantna á Vestfjörðum. Burnirót er á verndarlista vegna ágengrar nýtingar og eingöngu er heimilt að selja unnar afurðir úr ræktun. Ræktun burnirótar skapar nýja verðmæta tegund landbúnaðar með betri landnotkun og styrkir byggðafestu til langtíma.

Matarkista Breiðafjarðar. Matvælasetur í Króksfjarðarnesi
- Styrkþegi: Fjórðungssamband Vestfirðinga (FV)
- Styrkupphæð: 20 m.kr.

Verkefnið felst í uppbyggingu matvælaseturs á Króksfjarðarnesi í Reykhólahreppi til að styðja við matvælanýsköpun og atvinnuuppbyggingu með framleiðslu „Beint frá býli“. Setrið mun bjóða upp á vottaða framleiðsluaðstöðu, framleiðslutæki og vinnslurými fyrir bændur og frumkvöðla til þróunar og framleiðslu á frum- og lokaafurðum í atvinnuskyni, s.s. landbúnaðarafurðum og sjávarafurðum skelfisk, þangs og þara.

Þróunarfélag Króksfjarðarness. Uppbygging atvinnu, þjónustu og íbúðarbyggðar á Króksfjarðarnesi
- Styrkþegi: Fjórðungssamband Vestfirðinga (FV)
- Styrkupphæð: 11 m.kr.

Verkefnið snýr að því að fjármagna þróunarfélag sem hefur það markmið að markaðsetja Króksfjarðarnes sem ákjósanlegan fjárfestingarkost með samningum við uppbyggingar aðila. Króksfjarðarnes er anddyri Vestfjarða og svæði með gífurleg tækifæri til framtíðaruppbyggingar. Í kringum Króksfjarðarnes er að finna ónýttan jarðvarma sem getur nýst til margskonar atvinnustarfsemi í ferðþjónustu, landbúnaði og eldi.

Kuklið – þróun og efling frumkvöðlaseturs matvæla á Ströndum
- Styrkþegi: Fjórðungssamband Vestfirðinga (FV)
- Styrkupphæð: 16 m.kr.

Verkefnið felst í að efla og þróa frumkvöðlasetrið Kuklið á Ströndum á þriggja ára tímabili með ráðningu verkefnastjóra sem hefur það hlutverk að virkja og móta starfsemi setursins. Byggt er á innviðum sem hafa verið fjármagnaðir áður og lögð áhersla á að styðja við matvælafrumkvöðla, styrkja nýsköpunarumhverfi Stranda og skapa forsendur fyrir sjálfbæran rekstur til framtíðar.
Fréttin byggir á frétt Stjórnarráðsins um styrkúthlutunina sem má lesa í heild sinni hér.



VESTFIRÐIR KYNNTIR Á ASÍUMARKAÐI - HLUTI AF MARKVISSRI SÓKN Í VETRARFERÐAÞJÓNUSTU

Í byrjun febrúar tók Markaðsstofa Vestfjarða þátt í vinnustofum Kuoni Tumlare í Taípei, Osaka og Tókýó, þar sem Norðurlönd og Eystrasaltsríki kynntu áfangastaði sína fyrir kaupendum frá Japan, Tævan og Suður-Kóreu. Heimsóknin er hluti af vetrarverkefni Markaðsstofunnar, sem miðar að því að styrkja Vestfirði sem áfangastað allt árið um kring.

Vinnustofurnar byrjuðu af krafti í Taípei 2. febrúar. Kaupendur frá Tævan sýndu mikinn og sýnilegan áhuga á Íslandi, raðir mynduðust við borð íslensku fulltrúanna og beðið var eftir upplýsingum um ferðir um landið. Áhersla Vestfjarða í samtölum var á hópaferðir og seríur, sérstaklega yfir vetrartímann þegar áhugi Asíumarkaða er hvað mestur ekki síst í kringum kínverska nýárið. Norðurljósin eru þar lykilþáttur og eitt helsta aðdráttarafl Íslands í augum kaupenda.
Fundirnir í Japan, í Osaka 4. febrúar og Tókýó 5. febrúar, voru fjölbreyttir og markvissir. Allir sem rætt var við höfðu einhverja þekkingu á Íslandi og margir þeirra höfðu þegar reynslu af því að selja ferðir þangað. Fyrir suma voru Vestfirðir nýtt svæði í vöruframboði, á meðan aðrir þekktu vel til og höfðu fylgst með þróun ferðaþjónustu á svæðinu.

Samtölin sýndu að áhugi á Íslandi er mikill og að kaupendur leita nú í auknum mæli að nýjum svæðum og sérhæfðari upplifunum til að bæta við núverandi framboð sitt. Vestfirðir falla vel að þeirri þróun, enda svæði sem býður upp á sterka náttúruupplifun, minni hópa og möguleika á skipulagðri vetrarstarfsemi. Slík viðbrögð staðfesta að svæðið er orðið raunhæfur kostur í áframhaldandi uppbyggingu hópaferða og sería á Asíumarkaði.

Vinnustofurnar voru eingöngu ætlaðar söluaðilum frá Norðurlöndum og Eystrasaltsríkjum. Kaupendur komu frá Japan, Tævan og Suður-Kóreu og voru margir þeirra að leita að sérhæfðum, vel skipulögðum vörum fyrir hópa. Áherslan á vetrarferðir fellur vel að þeirri stefnu Vestfjarða að dreifa álagi og byggja upp verðmætari ferðaþjónustu utan sumartímans. Þetta er þó ekki skammtímaverkefni heldur maraþonhlaup þar sem traust, regluleg samskipti og eftirfylgni skipta sköpum.

VESTFIRÐIR KYNNTIR Á ASÍUMARKAÐI - FRAMH.

Í tengslum við heimsóknina var einnig fundað í íslenska sendiráðinu í Tókýó. Þar var rætt við Haruki Tsuji, viðskiptafulltrúa sendiráðsins, um ferðaþjónustu og möguleg tækifæri á japanska markaðnum. Samtalið leiddi einnig inn á aðrar útflutningsgreinar, þar á meðal sjávarútveg og laxeldi. Haruki lýsti yfir vilja til áframhaldandi samskipta og bauð fram aðstoð sendiráðsins við að koma upplýsingum á framfæri ef fyrirspurnir berast.

Fundurinn gaf einnig tilefni til léttari samtals. Haruki sagði frá nýlegu útvarpsviðtali um Ísland í japönsku útvarpi þar sem hann var spurður hvers vegna Ísland héti Ísland. Hann hafði ekki haft svarið við höndina þá, en fékk í kjölfarið að heyra söguna um Hrafna-Flóka og hvernig nafnið á rætur til Vestfjarða. Slík augnablik minna á að markaðsstarf byggist ekki aðeins á tölum og stefnumótun, heldur líka á sögum og menningu.

Þrátt fyrir landfræðilega fjarlægð eiga Ísland og Japan ýmislegt sameiginlegt. Bæði eru eyríki, byggja afkomu sína að stórum hluta á hafinu og deila sterkri baðmenningu í heitum laugum. Þessi sameiginlegi grunnur auðveldar samtal og skilning, jafnvel þótt samfélögin séu að mörgu leyti ólík.

Heimsóknin til Tævan og Japan staðfestir að ákvörðun um að sækja markvisst á Asíumarkað með vetrarvörur Vestfjarða er rétt skref. Áhugi er til staðar, þekking er vaxandi og tækifærin raunveruleg. Næsta skref er eftirfylgni, kynningarferð og áframhaldandi samtal við kaupendur.



Það er ekki sjálfgefið að litlir landshlutar nái eyrum kaupenda hinum megin á hnettinum. En með skipulögðu starfi, skýrum skilaboðum og þolinmæði er unnt að byggja upp nýja markaði. Sókn Vestfjarða á Asíumarkað er ekki spretthlaup hún er hluti af langtímasýn um öflugri og sjálfbærari ferðaþjónustu allt árið um kring.

Fulltrúar Íslands á vinnustofunum voru Sölvi Rúnar Guðmundsson fyrir hönd Markaðsstofu Vestfjarða / Visit Westfjords, Bryndís Fiona Ford frá Markaðsstofu Austurlands / Visit East og Þóra Matthildur Þórðardóttir frá Arctic Adventures.



VESTFJARÐASTOFA FÆR STYRK ÚR LOFTLAGSSJÓÐI NORRÆNU RÁÐHERRANEFNDARINNAR

Vestfjarðastofa, Nordic Folkecenter for Renewable Energy og SINTEF (Noregi) hafa nýlega hleypt af stokkunum nýju norrænu verkefni NordWetCap – Nordic Capacity Building for Wetland Restoration and Climate Resilience, sem hlaut styrk úr loftlagssjóði Norrænu ráðherranefndarinnar NKLP

Verkefnið leggur áherslu á endurheimt votlendis sem mikilvæga, náttúrubundna loftslagslausn og sameinar hagnýtar aðgerðir, staðbundið samráð og eignarhald heimamanna

Með stuðningi NKLP vinna samstarfsaðilar að sameiginlegri norrænni nálgun á því hvernig endurheimt votlendis getur farið fram á forsendum heimamanna, með faglegri þekkingu og skili varanlegum árangri fyrir loftslag, lífríki og hagsmuni heimamanna.

Markmiðin eru að:
✔ gera ástæður endurheimtar votlendis skiljanlegri og draga úr skautun
✔ byggja upp staðbundna þekkingu og getu meðal landeigenda og sveitarfélaga
✔ þróa sameiginlega norræna fyrirmynd
✔ skapa varanlegt samstarfsnet: Nordic Community for Ecosystem Restoration (NCER)

Verkefnið felst m.a. í tilraunaverkefni á Íslandi þar sem reynsla, aðferðir og lærdómur verður miðlað áfram og nýtt um öll Norðurlöndin.

Norræna ráðherranefndin

ÍSLANDSSTOFA HEIMSÓTTI ÍSAFJÖRÐ

Íslandsstofa heimsótti Vestfirði 9.febrúar og hélt fund í Edinborg á Ísafirði. Markmið fundarins var að kynna og ræða endurskoðaða útflutningsstefnu í tengslum við stöðu og tækifæri á Vestfjörðum.

Um 30 fulltrúar atvinnulífs og sveitarfélaga af svæðinu tóku þátt í fundinum, sem undirstrikaði að stefna nýtist best þegar hún er rædd í samhengi við staðbundnar aðstæður og þegar skýrt er hvaða næstu skref þurfa að liggja fyrir til að tækifæri geti orðið að framkvæmd. Góðar umræður sköpuðust um þá þætti sem hafa bein áhrif á framtíðarverðmætasköpun svæðisins, meðal annars lagareldi, orkumál og samgöngur.

Sigríður Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri Vestfjarðarstofu setti fundinn og bauð fundargesti velkomna. Pétur Þ. Óskarsson, framkvæmdastjóri Íslandsstofu, kynnti útflutningsstefnuna ásamt þróun íslensks útflutnings og Sigríður Dögg Guðmundsdóttir, forstöðumaður útflutnings og fjárfestinga hjá Íslandsstofu, fór yfir starfsemi og lykiláherslur Íslandsstofu. Þá fór Karl Guðmundsson, verkefnastjóri stórfjárfestinga hjá forsætisráðuneytinu yfir atvinnustefnu stjórnvalda og nálgun í stórfjárfestingum.

Samtal við heimamenn

„Fundir sem þessir gefa okkur dýrmæta innsýn í stöðu útflutnings og verðmætasköpunar á Íslandi," segir Pétur Þ. Óskarsson, framkvæmdastjóri Íslandsstofu. „Það er mikilvægt að eiga samtal þar sem verðmætin verða raunverulega til. Vestfirðir hafa í áratugi verið mikilvægur landshluti þegar kemur að verðmætasköpun og útflutningi frá Íslandi. Á seinustu árum má segja að Vestfirðir hafi sprungið út og það er magnað að finna þann kraft sem er í atvinnulífinu hér á svæðinu."

Í kjölfar fundarins fór Íslandsstofa um svæðið með Sigríði Kristjánsdóttur, framkvæmdastjóra Vestfjarðarstofu og starfsfólki Vestfjarðarstofu og Bláma. Fundað var með Gylfa Ólafssyni, formanni bæjarráðs Ísafjarðarbæjar og formanni Fjórðungssambands Vestfirðinga, auk heimsókna til Bolungarvíkur og Arctic Fish þar sem Daníel Jakobsson framkvæmdastjóri kynnti starfsemina. Jón Páll Hreinsson bæjarstjóri Bolungarvíkur fór jafnframt yfir stöðuna í sveitarfélaginu.

Verkefni Íslandsstofu

Íslandsstofa sinnir mörkun og markaðssetningu fyrir Ísland og íslenskar útflutningsgreinar, styður íslensk fyrirtæki í sókn á erlenda markaði og greiðir götu erlendrar fjárfestingar á Íslandi. Starfsemin spannar fimm meginsvið: orku og grænar lausnir, íslenskt hugvit og tækni, listir og skapandi greinar, ferðaþjónustu og sjávarafurðir og matvæli.

Íslandsstofa hyggst halda áfram slíkum fundum víðs vegar um landið á næstu misserum, í samstarfi við sveitarfélög og atvinnulíf með áherslu á að tengja stefnu við aðstæður og verkefni á hverju svæði.

ÚTHLUTAÐ ÚR FRUMKVÆÐISSJÓÐI JÚ VÍST! KRAFTUR Í KALDRANA

Fimmtudaginn 26. febrúar fór fram fyrsta úthlutunarathöfn Frumkvæðissjóðs Jú víst! Kraftur í Kaldrana í húsnæði Verslunarfélags Drangsness. Mæting var góð, mikil stemning ríkti og frumkvöðlakraftur sveif yfir vötnum.

Alls bárust 28 umsókn í sjóðinn, þar sem sótt var um rúmar 47 milljónir króna, en heildarkostnaður verkefnanna nemur um 160 milljónum króna. Að þessu sinni hlutu 19 verkefni styrk, samtals 11.5 milljónir króna.

Valgeir Jens Guðmundsson, verkefnisstjóri, ávarpaði gesti og fór yfir mikilvægi þess að halda hugmyndavinnu áfram. Verkefni samfélagsins væru mörg og jafnframt mörg tækifæri fólgin í þátttöku í Brothættum byggðum. Þá minnti hann á hið fornkveðna að margar hendur vinna létt verk sem væri lykillinn að velgengni samfélagsins í Kaldrananeshreppi.

Finnur Ólafsson, sveitarstjóri, flutti einnig ávarp og þakkaði fyrir þann kraft sem íbúar sveitarfélagsins sýndu með þeim fjölda umsókna sem komu inn. Hvatti hann öll til að halda þeirri góðu vinnu áfram og sagðist hlakka til að sjá allar þessar góðu hugmyndir verða að veruleika.

Það var við hæfi að halda viðburðinn í Verslunarfélagi Drangsness því þar mun á næstunni eiga sér stað mikil uppbygging þökk sé styrkjum frá Frumkvæðissjóðnum. Það verður spennandi að sjá afrakstur af því á komandi ári sem getur orðið lifandi hvatning til þeirra sem eru með hugmyndir um uppbyggingu í Kaldrananeshreppi.

Valgeir endaði úthlutunarathöfnina á því að benda styrkþegum á að hann væri þeim til halds og traust hvort sem það væri til ráðgjafar eða til að aðstoða við að fá utanaðkomandi leiðsögn eða fjármagn.

Við óskum öllum styrkþegum hjartanlega til hamingju og hlökkum til að sjá verkefnin blómstra á næstu misserum.

ÚTHLUTAÐ ÚR FRUMKVÆÐISSJÓÐI JÚ VÍST! KRAFTUR Í KALDRANA

Eftirtalin verkefni hlutu styrk að þessu sinni:

Galdra- og þjóðsagnaslóð á Ströndum	300.000 kr.
Skíðavél, samstarfshópur SFS	500.000 kr.
Skíðaskotfimisvæði Skíðafélags Strandamanna	400.000 kr.
Þjónustuskýli og upplýsingamiðlun í Bjarnarfirði	750.000 kr.
Hönnun á leik- og útivistarsvæði	800.000 kr.
Business Plan Permavital ehf	400.000 kr.
Líkamsræktarmánuður	100.000 kr.
Norðurljósasund	50.000 kr.
Hestafróðleikur og útreiðarnámskeið	150.000 kr.
Framleiðslueldhús í Samkomuhúsið Baldur	1.500.000 kr.
Íbúabyggð og vinnumiðstöð í Bjarnarfirði	750.000 kr.
Bryggjuhátíð á Drangsnesi 2026	500.000 kr.
Uppsetning á Kaffihúsi í V.D	800.000 kr.
Standsetning heitu pottanna	850.000 kr.
Standsetning Búðarinnar V.D.	1.000.000 kr.
Myndskreyting á gámi	200.000 kr.
Segl – útilistaverk á Forvaða	1.600.000 kr.
Vatnsveita í fiskeldi	500.000 kr.
Iðnaðarhúsnæði iðnaðarbil	350.000 kr.

VINNUSTOFA ÍSLANDSSTOFU UM ERLENDA FJÁRFESTINGAR

Dagana 17 og 18 febrúar bauð Íslandsstofa atvinnuráðgjöfum á landsbyggðinni til vinnustofu um erlendar fjárfestingar í Grósku. Vinnustofuna héldu þær Eriku Magder frá ResearchFDI og Courtney Fingar Direct Investment. Fjölluðu þær um mikilvæga þætti varðandi hvernig má laða að erlenda fjárfestingu til dæmis með gerð virðistillagna (valur proposition) og sagnastefnu (strategic storytelling).

Vinnustofan var vel sótt af atvinnuráðgjöfum svæðisskrifstofanna og góðar umræður sköpuðust á vinnustofunni, enda voru þær Erika og Courtney duglegar að spyrja fundarmenn um álit þeirra. Þau verkefni sem lögð voru fyrir á vinnustofunni voru praktísk og eðli málsins vegna mjög landsbyggðatengd.

Á seinni degi vinnustofunnar var meira farið inn á samskipti og hvernig hvaða grunnatriði skal hafa í huga við miðlun s.s. á samfélagsmiðlum. Lögð var mikil áhersla á notkun LinkdIn til viðskipta og hvernig byggja má upp tengslanet í gegnum þann miðil, sem má kalla samfélagsmiðil atvinnulífsins. LinkedIn hefur verið að sanna sig sem mikilvægt tól fyrir samskipti við fyrirtæki og fjárfesta, bæði til að tengjast aðilum og ná fundum og til að fá rafræn viðbrögð og skráningar á viðburði.

HVERNIG GETA SAMVINNUFÉLÖG Í DREIFBÝLI STÆKKAÐ ÁN ÞESS AÐ GLATA SÁLINNI?

Þann 11. febrúar fór fram vefnámskeið á vegum MERSE-verkefnisins undir yfirskriftinni Scaling up cooperation in Rural Areas. Alls tóku 45

þátttakendur þátt víðs vegar að úr Evrópu og var þar varpað fram einni kjarnaspurningu: Hvernig geta samvinnufélög vaxið án þess að fórna lýðræði, sjálfbærni og staðbundnu eignaraðild? Þátttakendur komu frá Svíþjóð, Noregi, Írlandi, Finnlandi, Íslandi, Rúmeníu, Ítalíu og fleiri löndum. Hópurinn var fjölbreyttur; fræðafólk, fulltrúar sveitarfélaga, ráðgjafar í atvinnuráðgjöf og samvinnurekstri og frumkvöðlar í dreifbýli - góð blanda ólíkra aðila sem koma að byggðaþróun með einum eða öðrum hætti.

Áskoranir af sama meiði

Vefnámskeiðið var skipulagt af Pelle Persson og Susanne Vinderå frá Coompanion í samstarfi við Ruralia Institute.Taneli Vaskelainen frá Ruralia Institute kynnti rannsóknir sínar á seiglu og vexti samvinnufélaga, meðal annars með dæmum úr finnskum veruleika á borð við S-Group. Sagði hann niðurstöður sýna að samvinnufélög geta vaxið og orðið stór – en aðeins ef stjórnarhættir og tilgangur þeirra þróast samhliða aukinni veltu. Í umræðum var tekinn snúningur á þessu og var niðurstaðan að vöxtur mætti ekki kosta samfélagsreksturinn sálina.

Í umræðum komu fram sameiginlegar áskoranir sem mörg verkefni á sviði samfélagsreksturs í dreifbýli um alla Evrópu standa frammi fyrir:

- Takmarkað aðgengi að fjármagni
- Skortur á sérhæfðu starfsfólki
- Regluverk sem er ekki sniðið að samvinnulíkönum
- Opinber styrkjakerfi sem taka ekki nægjanlegt tillit til lýðræðislegrar eignaraðildar

Frá heimsókn MERSE-fólks til Finnlands þar sem m.a. var skoðað samfélagslega rekið hjúkrunarheimili

Seigla mikilvægari en hraði

Þátttakendur voru líka á því að fjölmörg tækifæri væri líka að finna: endurnýjanleg orka, staðbundin matvæli, ferðaþjónusta, hringrásarhagkerfi og samfélagsþjónusta. Eitt af því sem stóð upp úr var að vöxtur í dreifbýli snýst síður um hraða og meira um seiglu. Vöxtur þarf að styrkja samfélagið – ekki ganga á það.

Dreifbýlissvæði eru oft skilgreind á jaðrinum. Umræðan á vefnámskeiðinu benti hins vegar til þess að dreifbýli Evrópu sé í fararbroddi þegar kemur að því að þróa sjálfbær, lýðræðisleg og samfélagslega inngildandi viðskiptamódel.

Það vakti sérstaka ánægju skipuleggjenda að finna fyrir endurnýjuðum áhuga yngra fræðafólks og frumkvöðla á lýðræðislegum rekstrarlíkönum. Á tímum efnahagslegrar óvissu og umhverfisógna eru samvinnufélög ekki ómur fjarlægrar fortíðar – heldur raunhæf verkfæri til að byggja upp seiglu.

Hér má lesa nánar um vefnámskeiðið á heimasíðu MERSE.

Interreg Co-funded by the European Union
Northern Periphery and Arctic
MERSE

RECET GEFUR ÚT AÐGERÐABANKA

Aðgerðabanki RECET er hagnýtt verkfæri sniðið að þörfum sveitarfélaga á Íslandi við gerð aðgerðaáætlana í orkuskiptum og loftslagsmálum. Bankinn er safn aðgerða sem nýtast sem grunnur að heildstæðum aðgerðaáætlunum í loftslagsáætlunum með alls 49 aðgerðum á sviði orkuskipta, orkunýtni, breyttra ferðavenja, fræðslu og aukinnar sjálfbærni í rekstri sveitarfélaga.

Markmið aðgerðabankans er að auðvelda sveitarfélögum að uppfylla lögbundna skyldu sína um gerð aðgerðaáætlana í loftslagsmálum, með skýrri framsetningu og tillögum að útfærslum á einstökum aðgerðum.

Í aðgerðabankanum er hver aðgerð sett fram með lýsingu á markmiði, hugmyndum að framkvæmd, tillögu að ábyrgðaraðila og flokkun innan stjórnsýslu sveitarfélags. Einnig er leitast við að tengja aðgerðirnar við aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum (co2.is), en mjög hefur skort á samfellu milli markmiða ríkisins og sveitarfélaga í loftslagsmálum.

Aðgerðabankinn er ekki tæmandi, en spannar þó drjúgt svið. Aðgerðirnar eru líka misflóknar í innleiðingu, en sumar er hægt að innleiða með mjög einföldum hætti í stjórnsýslunni, en aðrar krefjast samstarfs fleiri aðila og eru dýrari í framkvæmd.

Unnið í samstarfi við sveitarfélögin

Aðgerðabankinn var unninn af Eimi, SSNE og Vestfjarðastofu í kjölfar vinnustofa sem haldnar voru með fulltrúum sveitarfélaga á Norðurlandi eystra og Vestfjörðum árin 2024 og 2025. Aðgerðirnar byggja því með beinum hætti á þörfum og reynslu starfsfólks og stjórnenda sveitarfélaga á landsbyggðinni. Þessi vinna er hluti af RECET-verkefninu (**Rural Europe for the Clean Energy Transition**) sem styður orkuskipti í dreifðum byggðum, og styrkt er af LIFE styrktaráætlun Evrópusambandsins.

Aðgerðabankann er bæði hægt að skoða beint á vefnum eða hlaða niður á Excel-formi, á íslensku og ensku, sem auðveldar sveitarfélögum að aðlaga efnið að eigin vinnslu og innleiðingu.

Aðgerðabankann má nálgast hér: www.eimur.is/adgerdabanki og er hann er öllum opinn og frjáls til afnota.

RECET

FUNDIR Á VESTFJÖRÐUM UM KYNNINGARTILLÖGU SVÆÐISSKIPULAGS VESTFJARÐA

Þann 16. febrúar s.l. var Kynningartillaga Svæðisskipulags Vestfjarða 2025-2050 ásamt fylgigögnum lögð fram í Skipulagsgátt og þar sem hún verður opin til umsagnar til og með 7. apríl n.k., en gögnin liggja einnig frammi á skrifstofum sveitarfélaga.

Til að kynna efni tillögunnar þá boðaði Svæðisskipulagsnefnd Vestfjarða til opinna funda á Hólmavík og Ísafirði í síðustu vikuna í febrúar. Einnig átti að halda fund á Patreksfirði en ákveðið að fresta honum til 10. mars n.k. vegna slæms veðurútlits og ófærðar. Eins verður fljótlega hægt að nálgast rafræna kynningu á heimasíðu Vestfjarðastofu.

Fundirnir hófust á ávarpi fulltrúa úr svæðisskipulagsnefndinni, á Hólmavík var það Jóhanna Ösp Einarsdóttir, Reykhólahreppi og á Ísafirði var það Sigríður Júlía Brynleifsdóttir, Ísafjarðarbæ. Í framhaldinu höfðu framsögu um efni tillögunnar þau Hrafnkell Proppé, skipulagsráðgjafi Urbana ehf og Herdís Sigurgrímsdóttir, sérfræðingur VSÓ ráðgöf , auk Aðalsteins Óskarssonar, sviðsstjóra Vestfjarðastofu.

Fundargestum var í framhaldinu boðin nánari kynning á efni tillögunnar á vinnuborðum sem skipt var upp eftir efnisflokkum. Við þessi vinnuborð voru til svara sérfræðingar og starfsmenn Vestfjarðastofu sem leiðbeindu einnig um ferla við gerð umsagnar við tillöguna.

Á fundunum var tækifærið notað til að afhenda formlega, þeim forsvarsmönnum sveitarfélaga sem mættu, eintak af kynningartillögunni og fylgigögnum hennar.

Á umsagnartíma er kallað eftir athugasemdum frá almenningi og öðrum hagaðilum við efni tillögunnar. Umsagnir ber að leggja inn í Skipulagsgátt þar sem umsagnaraðilar skrá sig inn, en almennar fyrirspurnir og minniháttar ábendingar má senda á netfangið skipulag@vestfirdir.is

NÝSKÖPUN OG NÝ TENGSL - Á NETINU

KLAK – Icelandic Startups, Íslandsstofa, Tækniþróunarsjóður og Vísindagarðar HÍ halda opinn kynningarfund í Grósku og í streymi miðvikudaginn 4. mars kl. 11:30. Teymið kom í heimsókn fyrir skömmu á Ísafjörð með sömu dagskrá og var góður rómur gerður að heimsókninni. Nú gefst Vestfirðingum sem öðrum landsmönum kostur á að hlýða á erindin á fjarfundi.

DAGSKRÁ:
Fjögur stutt og hnitmiðuð 15 mínútna erindi
– KLAK kynnir sín verkefni en félagið heldur úti metnaðarfullri dagskrá árið um kring fyrir einstaklinga með hugmyndir og fyrirtæki í vexti, þátttakendum að kostnaðarlausu.
– Tækniþróunarsjóður kynnir styrki fyrir nýsköpunarverkefni – frá hugmynd að markaði.
– Íslandsstofa segir frá aðgangi að alþjóðamörkuðum, erlendum fjármögnunartækifærum og hvernig byggja má upp öflugt tengslanet fyrir vöxt fyrirtækja.
– Vísindagarðar HÍ kynna stuðningsumhverfi sitt, nýsköpunarsamfélagið Mýrina og uppbyggingu nýs djúptækniseturs.

Að loknum erindum gefst góður tími fyrir spurningar, samtal og tengslamyndun. Tækifæri til að ræða eigin verkefni, fá ráðgjöf og tengjast beint fulltrúum stofnananna.

Fyrir hver?
Viðburðurinn er opinn öllum og ókeypis – sérstaklega ætlaður þeim sem:
- eru með nýsköpunar- eða viðskiptahugmynd
- eru að stíga sín fyrstu skref
- eða vilja þróa verkefni sitt áfram og sækja á nýja markaði.

Skráning hér:

Það þarf að skrá sig á fundinn hvort sem fólk mætir á staðinn í Grósku eða fylgist með í streymi. Skráðir þátttakendur fá sendan hlekk áður en viðburðurinn hefst.
Viðburðurinn er partur af hringferðinni "Nýsköpun & ný tengsl" sem skapar vettvang fyrir samtal, miðlun upplýsinga og tengslamyndun milli frumkvöðla, fyrirtækja og lykilaðila í nýsköpunarumhverfinu.

PÁSKAR FYRIR VESTAN: VINNUSTOFA HAGAÐILA

Þriðjudaginn 3. mars kl.15 boðar Ísafjarðarbær í samstarfi við Aldrei fór ég suður og Vestfjarðastofu til vinnustofu í Edinborgarhúsinu á Ísafirði þar sem markmiðið er að móta sameiginlega sýn og aðgerðir hagaðila páska fyrir vestan.

Löng hefð er fyrir miklu fjöri á Ísafirði og nágrenni um páskana. Fyrst var það Skíðavikan en svo fór gleðin á næsta stig með tilkomu Aldrei fór ég suður. Heimsóknartölur sýna jafna og þétta aukningu frá ári til árs og teygja viðburðir sig nú yfir allan Ísafjarðarbæ, Bolungarvík og Súðavík.

Margir eiga mikið undir. Páskarnir hafa skapað aukin umsvif í verslun, þjónustu og viðburðahaldi, heimafólk fær til sín gesti og tekur þátt í viðburðum sem aldrei fyrr. Það sem hefur knúið þessa skemmtanavél áfram meira en annað er Aldrei fór ég suður, en hátíðin er samt bara stakur viðburður í miklu stærra mengi sem allt samfélagið á Vestfjörðum á hlutdeild í.

Aldrei fór ég suður hefur allar götur lagt sig fram um að vera góður gestgjafi, sem hefur verið eitt helsta einkennismerki hátíðarinnar. Nú kallar forsvarsfólk AFÉS eftir því að samfélagið allt sameinist um að vera góður gestgjafi – að öll sem eiga hag af því að páskarnir séu stórviðburður á norðanverðum Vestfjörðum komi saman og marki stefnu um hvernig málum skal háttað til lengri framtíðar og skemmri.

Þau sem starfa í verslunar- og veitingarekstri, ferðaþjónustu og viðburðahaldi, auk fulltrúa frá sveitarfélögunum eru sérstaklega hvött til að mæta.

Klukkan 20 verður Aldrei fór ég suður með íbúafund í Edinborg þar sem skemmtanavél heimaliðsins verður knúin í gang og listi hinna staðföstu sem spilar á hátíðinni í ár verður opinberaður.

Umsóknarfrestur - styrkir til atvinnumála kvenna árið 2026

Vinnumálastofnun/félags-og vinnumarkaðsráðuneytið auglýsir styrki til atvinnumála kvenna árið 2026 lausa til umsóknar
Heildarfjárhæð styrkja að þessu sinni eru kr. 35.000.000 og er hámarksstyrkur kr. 4.000.000.
Skilyrði er að verkefnið/hugmyndin falli að eftirfarandi skilyrðum.

- Verkefnið sé í meirihluta eigu konu/kvenna (51%) og stjórnað af konu.
- Verkefnið feli í sér nýnæmi eða nýsköpun af einhverju tagi.
- Verkefnið feli í sér atvinnusköpun til frambúðar.
- Viðskiptahugmynd sé vel útfærð.
- Veittir eru styrkir til gerðar viðskiptaáætlunar (600.000), ásamt styrkjum til markaðssetningar og vöruþróunar að hámarki 4.000.000.

Umsóknarfrestur er frá 9.febrúar til og með 16.mars og skal sækja um rafrænt á heimasíðunni www.atvinnumalkvenna.is
Þær sem fá samþykktan styrk til gerðar viðskiptaáætlunar munu fá tækifæri til að taka þátt í fyrirtækjasmiðju.
Sérstök áhersla verður lögð á að ná til kvenna af erlendum uppruna sem hafa hug á að vinna viðskiptahugmyndir sínar eða byggja upp fyrirtæki sín.
Á heimasíðu verkefnisins má finna nánari upplýsingar um reglur og skilyrði sem þarf að uppfylla.
Hægt er að bóka viðtal á heimasíðunni hjá verkefnastjóra sem gefur nánari upplýsingar.

Púkinn, barnamenningarhátíð á Vestfjörðum, verður haldin dagana 27. apríl – 8. maí 2026. Þema hátíðarinnar var valið af Ungmennaráði Vestfjarða og er það hafið, en einnig var farið fram á að tengja saman vísindi og listir.

Hægt er að sækja um styrki til að vera með viðburði tengda hátíðinni. Markmið með sjóðnum er að tryggja vestfirskum börnum vandaða menningarviðburði til að njóta eða taka þátt í. Ef viðburðirnir fara ekki fram á meðan á hátíðinni stendur er mælst til að hægt verði að njóta afraksturs þeirra innan dagsetninga hennar.

Styrkjum er úthlutað til einstakra viðburða, eða raða viðburða. Ekki eru veittir styrkir til rekstrar-, stofnkostnaðar- eða endurbóta eigna eða fyrirtækja. Úthlutað er til lögráða einstaklinga, listhópa, félagasamtaka, stofnana eða fyrirtækja sem koma að menningarviðburðum fyrir börn á Vestfjörðum.

Umsóknareyðublað

Skilyrði fyrir styrkveitingu
Viðburðir skulu tengjast barnamenningarhátíðinni Púkanum
Viðburðir skulu ætlaðir börnum á grunnskólaaldri.

PÚKINN

Barnamenningarhátíðin Púkinn auglýsir styrki vegna viðburða á hátíðinni sem fer fram dagana 27. apríl – 8. maí 2026.

Hægt er að sækja um til 5. mars 2026 og tilkynnt um úthlutanir um miðjan mars

www.vestfirdir.is/pukinn

FORVITNIR FRUMKVÖÐLAR

STAFRÆN MARKAÐSSETNING FYRIR SMÆRRI FYRIRTÆKI MEÐ AUÐI ÖSP ÓLAFSDÓTTUR

SSNV

SSS SAMBAND SVEITARFÉLAGA Á SUÐURNESJUM

SSV

SSNE Samtök sveitarfélaga & atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra

Vestfjarðastofa

AUSTURBRÚ þekking - þróun - þjónusta

SASS SAMTÖK SUNNLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Þriðjudaginn 3. mars

Klukkan | 12:00

Á TEAMS

Blámi

Vestfjarðastofa

ORKUÞING VESTFJARÐA

EDINBORGARHÚSINU Á ÍSAFIRÐI

6. MARS 2026 KL. 11:30 – 14:15